

Fundargerð Háskólaráðs 29. janúar 2015

Staðsetning: Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mættir: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara (á Lync), Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnnema, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri sem ritaði fundargerð.

Áheyrnarfulltrúar: Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi Íbúaráðs, Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Þorvaldur Jónsson fjármálastjóri

Fjarverandi: Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnnema

Dagskrá

1. **Fundargerð 158. fundar.** Samþykkt

2. **Samrekstur háskóla**

Rektor kynnir hugmyndir sem fram hafa komið frá menntamálaráðherra um möguleika á samrekstri Háskólans á Hólum, Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Háskólans á Bifröst. Stjórn skólans og fulltrúaráðið hafa veitt rektor heimild til að vinna áfram með þetta mál. Rektor ítrekar að þessar viðræður hafi engin áhrif á sókn Bifrastar og áform um eflingu skólans og að það verði virkt upplýsingaflæði um málið sem verður á dagskrá háskólaráðs á næstu fundum.

Rektor mun fjalla um Háskólann á Bifröst á ráðstefnu í Borgarnesi um háskóla í Borgarfirði á föstudag þar sem hann mun m.a. fjalla um tengsl skólans við nærsamfélagið og atvinnulífið. Nauðsynlegt að samrekstrarhugmyndin geri eitthvað fyrir Háskólann á Bifröst og skili okkur fram á veginn. Viljum ekki óvissu um framtíð Háskólans á Bifröst.

3. **Gæðamál**

Gæðastjóri

Leggur fram eftirfarandi skjöl:

- a. **Alþjóðastefna Háskólans á Bifröst**, afgreidd í frkvstj.dags. 20. janúar 2015. Samþykkt.
- b. **F110 Reglur um nám og kennslu við Háskólann á Bifröst, útgafið 10/2014**
12. gr. c liður. bætt verði við setninguna: Óheimilt er að leggja fyrir verkefni með skil í 7. viku; *nema að námskeið sé próflaust og um sé að ræða lokaverkefni.*
5. gr. a liður. Taka út „verkefni“ síðast í setningu.
Reglur F110 samþykktar svo breyttar.
- c. **Náms- og þjónustustefna Háskólans á Bifröst**, afgr. í frkvstj. dags. sept. 2014.
Samþykkt
- d. **Hvatningar- og útskriftarverðlaun Háskólans á Bifröst**, útgáfa 1/2014.
3 málsgr. fyrsta setning verði: *Verðlaun eru veitt nemendum í grunnámi sem enn eru í*

námi og hæsta einkunn hafa hlotið á hverju sviði skólans.

Tekið verði út orðið „stúdentar“ í staðinn komi nemendur.

Samþykkt svo breytt.

Gæðastjóri sér um vistun og birtingu ofantalinna reglna á heimasíðu skólans í samræmi við afgreiðslu háskólaráðs.

Gæðastjóri kynnir feril vegna úttektar á kennslu við Háskólann á Bifröst sem fer fram nú í vor, hann segir m.a. frá vinnu við sjálfsmatsskýrslu þar sem nemendur hafa ásamt fleirum verið virkir þátttakendur. Sjálfsmatsskýrslu skólans verður skilað um miðjan febrúar og verður hún þá kynnt fyrir viðeigandi aðilum innan skólans. Í mars koma 5 úttektaraðilar til skólans þar er um að ræða bæði erlenda og innlenda aðila. Úttektarnefndin mun síðan skila skýrslu þar sem gefin verður einkunn fyrir tvo þætti, annars vegar um akademískt umhverfi í skólanum og hins vegar aðgerðir til að tryggja gæði gráðunnar sem nemendur fá. Úttektin hefst 24. mars á starfsstöð skólans í Reykjavík og síðan mun nefndin koma á Bifröst. Næstu tvo daga verður úttektarnefndin með viðtöl á Bifröst samkvæmt skipulagðri dagskrá, hún mun funda með helstu stofnunum skólans, svo sem háskólaráði. Gæðastjóri gengur út frá því að háskólaráð muni ræða þessi mál áfram og fylgjast vel með framgangi þess.

4. Sóknarsvið 2015

Rektor kynnir stöðu mála á sóknarsviðum skólans:

- a. *Þjónustufræði* á viðskiptasviði er ný námslína sem verður kennd frá hausti 2015, og verður kynnt á háskóladeginum.
- b. Lögfræði verði kennd í fjarnám frá og með hausti 2015. Einnig er verið að undirbúa umsókn um Erasmus+styrk til að koma á „joint degree „ í lögfræði með Háskólanum í Árósum og Háskólanum í Dublin. *Viðskiptalögfræði með vinnu* er ný námslína sem verður kynnt fyrir næsta haust.
- c. Á félagsvísindsviði er verið að vinna að þremur nýjum námsleiðum; *byltingafræði*, *stjórnálagfræði* og *miðlun og boðskipti*.
- d. Símenntun – fyrsta markmið að innkoma af símenntun verði 10% af veltu skólans. Fjárfest hefur verið í mannskap til að þróa nýjar námsleiðir og nýjar hugmyndir.
- e. Lögreglunám. Í skýrslu starfshóps um endurskiplagningu lögreglunámsins frá 15. sept. sl. er lagt til að semja við Keili og HA. Óskað var eftir umsögnum og sendi rektor umsögn í lok nóvember 2014 og hefur komið óánægju sinni á framfæri við ráðuneytið. Nú er kominn nýr starfshópur í málið á vegum ráðuneytisins, en niðurstaða liggur ekki fyrir í málinu.
- f. AEÓ: Alþjóðlegi sumarskólinn (6 ein.), námskeið er tilbúið, áætlað að hafa hann 2016, áhersla á breytingar, frumkvæði og samfélagslegar breytingar. Dagskráin verður sett á vefinn í næstu viku, hún verður send til nokkurra valinna skóla í Bandaríkjunum og víðar til að kynna námskeiðið sem víðast.
- g. Ferðabjónusta, verið er að stofna hlutafélag um rekstur ferðabjónustunnar, til að geta aðgreint rekstur hennar frá rekstri skólans. Hluti af því er að búa til nýjar vörur, t.d. samskipti við Glanna, Vatnaleiðin o.fl. Starfsmaður kominn í fullt starf vegna þessa.
- h. Háskólagátt, útvíkkun á námsframboði og endurskoðun á innihaldi námskeiðanna, einnig að bjóða uppá námskeið á sumarönn. Þannig verði hægt að taka 75 fein í Háskólagátt. Þetta mun hjálpa nemendum frá okkur að komast í aðra skóla eftir nám

í Háskólagáttinni, t.d. í HÍ. Einnig er verið að koma á bættum samskiptum við símenntunarmiðstöðvar fundur með þeim 12. febrúar nk. hér á Bifröst. Megininntakið er að við svörum öllum umsóknum játandi, leiðbeinum inná námsleiðir t.d. Menntastoðir ef nemandi kemst ekki inn hjá okkur.

5. **Umsóknir/nýskráningar/markaðsmál**

Kynntar skráningartölur á vorönn 2015. 41 nemandi að hefja nám á háskólastigi, 4 í Háskólagátt

6. **Önnur mál**

JBP: Eru til reglur um það hvort kennari eigi að bæta upp tapaðan kennslutíma? Nei, ekki eru til reglur um það, en rektor tekur undir að það þurfi að ræða.

Mælir með að það verði send tilkynning til nemenda frá rektor vegna umræðunnar um samrekstur háskólanna.

Möguleiki að halda háskólafund á næstunni vegna umræðu um samrekstur háskólanna.

Fundi slitið kl. 17.10

Samþykkt á fundi 5. mars 2015.